

Fréttatilkynning

Efni: Könnun MMR á trausti almennings til helstu stofnana samfélagsins.

Úrtak: Íslendingar á aldrinum 18-67 ára

Dagsetning: 9. desember 2008

Háskóli Íslands, Fréttastofa Sjónvarps (RÚV) og Lögreglan njóta afgerandi trausts.

Gamalgróin vörumerki njóta meira trausts en löggjafar- og framkvæmdavaldið. Mikill meirihluti ber lítið traust til Fjármálaeftirlitsins, bankakerfisins og Seðlabankans.

Um og yfir 76% aðspurðra segjast bera mikið traust til Háskóla Íslands, Fréttastofu Sjónvarps (RÚV) og Lögreglunnar. Háskólinn í Reykjavík nýtur trausts 64% svarenda.

Athygli vekur að mun fleiri segjast bera mikið traust til gamalgróinna fyrirtækja og vörumerkja en helstu valdastofnana samfélagsins. Þannig eru 53% sem segjast bera mikið traust til Mjólkursamsölnunnar, 43% segjast bera mikið traust til Sláturfélags Suðurlands, 39% segjast bera mikið traust til Bónuss og 34% segjast bera mikið traust til Coca Cola. Þetta er svipaður fjöldi og kveðst treysta Landsvirkjun og Stéttarfélagnum, sem hvort um sig njóta mikils trausts hjá 37% svarenda.


Sé lítið til helstu valdastofnana samfélagsins þá eru 19% sem bera mikið traust til Ríkisstjórnarinnar og 18% sem bera mikið traust til Alþingis. Þetta er álíka fjöldi og kveðst bera mikið traust til VR og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins. Athygli vekur að heldur fleiri, eða 26%, segjast bera mikið traust til Evrópusambandsins

Fjármálaeftirlitið, bankakerfið og Seðlabankinn eru þær stofnanir sem flestir segjast bera lítið traust til. Þannig eru 80% sem setjast bera lítið traust til Fjármálaeftirlitsins og bankakerfisins en 74% segjast bera lítið traust til Seðlabankans. Ríkisstjórnin nýtur lítills trausts meðal 61% svarenda, og Alþingi nýtur lítills trausts meðal 55% svarenda.

Hvað varðar aðra aðila sem spurt var um þá vekur athygli að fleiri segjast bera lítið traust til þeirra en segjast bera mikið traust til þeirra. Þannig eru 32% sem bera lítið traust til Lífeyrissjóðanna en 31% sem bera mikið traust til þeirra, 32% segjast bera lítið traust til Evrópusambandsins en 26% segjast bera mikið traust til þess, 31% segjast bera lítið traust til fjölmiðlanna en 23% segjast bera mikið traust til þeirra, 34% segjast bera lítið traust til VR en 18% segjast bera mikið traust til þess og 39% segjast bera lítið traust til Alþjóða gjaldeyrissjóðsins en 17% segjast bera mikið traust til hans.

Hversu mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila?

-þeir sem sögðu „frekar/mjög lítið" eða „frekar/mjög mikið"-



Spurt var: Hve mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila.

Svarmöguleikar voru mjög lítið traust, frekar lítið traust, hvorki mikið né lítið traust, frekar mikið traust, mjög mikið traust og veit ekki.

Niðurstöður sýna fjölda þeirra sem svöruðu annað hvort mjög/frekar mikið eða lítið traust.


Samtals tóku 99,2% afstöðu til spurningarinnar.

Mikill munur mælist á trausti eftir fylgi við stjórnmaflokka.

Töluverður munur mælist er á afstöðu svarenda eftir því hvaða stjórnmaflokka þeir segjast myndu kjósa ef kosið væri til Alþingis í dag. Meðal þeirra sem segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn eru 68% sem segjast bera mikið traust til Ríkisstjórnarinnar, 55% segjast bera mikið traust til Alþingis og 40% þeirra sem segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn segjast bera mikið traust til Seðlabankans. Meðal þeirra sem setjast myndu kjósa Samfylkinguna eru aftur á móti 24% sem segjast bera mikið traust til Ríkisstjórnarinnar, 20% segjast bera mikið traust til Alþingis og 2% segjast bera mikið traust til Seðlabankans. Stuðningur við þessar stofnanir er afgerandi minnstur meðal þeirra sem segjast myndu kjósa Vinstri græna, en aðeins 3% þeirra segjast bera mikið traust til Ríkisstjórnarinnar, 7% segjast bera mikið traust til Alþingis og 2% segjast myndu bera mikið traust til Seðlabankans.

Hversu mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila?

-þeir sem sögðu „frekar/mjög mikið“skipt eftir stjórnmaflokkum-



Upplýsingar um framkvæmd:

Úrtak: Einstaklingar á aldrinum 18-67 ára valdir með tilviljunaraðferð úr þjóðskrá

Könnunaraðferð: Síma- og netkönnun

Svarfjöldi: 2464 einstaklingar

Dagsetning framkvæmdar: 2.-5. desember

Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Þór Gylfason (olafur@mmr.is / 659 5601).

Öll notkun heimil svo lengi sem heimilda er getið.

MMR starfar samkvæmt siðareglum ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðsrannsóknafyrirtækja.